

**Nd.**

**559. Nefndarálit**

**[23. mál]**

um frv. til l. um afnám laga nr. 81 23. des. 1980, um álag á ferðagjaldeyri.

Frá minni hl. fjárhags og viðskiptanefndar.

Undirritaðir nefndarmenn telja það einkar táknrænt fyrir vinnubrögð stjórnarmeiri-hlutans á Alþingi að leggja til staðfestingu á bráðabirgðalögum um afnám álags á ferðamannagjaldeyri sömu dagana og stjórnarliðið leitar logandi ljósi að öðrum sköttum til þess að fylla upp í ríkissjóðshítina. Ríkisútgjöldin eru nú stærri hluti þjóðarframleiðslunnar en nokkru sinni fyrr.

Afnám álags á ferðamannagjaldeyri var vitaskuld ótímabært á sama tíma og félagsleg þjónusta er skorin niður. Full heimild var í lögum til álagningar gjalds þessa út árið 1983 og engin brýn nauðsyn bar til þess að fella gjaldið niður. Minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar hefur gengið ítrekað eftir upplýsingum um formlegar kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins varðandi niðurfellingu gjaldsins. Hefur komið fram að engin bréfaskipti liggja fyrir um þessi efni, þannig að krafa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um niðurfellingu gjalds þessa réttlætti á engan hátt setningu bráðabirgðalaganna. Auk þess hlýtur slík skattlagning að vera á valdi ríkisstjórnar Íslands hverju sinni og Alþingis og óeðlilegt er að bera kröfur erlendra stofnana fyrir sig í þessum efnum, en það hefur verið ein meginmálsástæða ríkisstjórnarinnar.

Í fjárlögum ársins 1983 var gert ráð fyrir að innheimta 75 millj. kr. af gjaldi þessu á sl. ári. Miðað við breyttar gengisforsendur — er ríkisstjórnin felldi gengið á miðju sl. ári — má hins vegar gera ráð fyrir að gjald þetta hefði gefið í ríkissjóð 100 millj. kr. 1983. Þegar gjaldið var fellt niður í júlímánuði nam innheimta þess um 58 millj. kr. og má því áætla tekjutap vegna niðurfellingarinnar á sl. ári 40—50 millj. kr. Í ár hefði þetta gjald gefið í tekjur handa ríkissjóði um 130 millj. kr. **Þannig að samtals nemur tekjutap ríkissjóðs vegna niðurfellingar gjalds þessa um 170—180 millj. kr.** á þeim tíma sem liðinn er frá útgáfu þeirra bráðabirgðalaga sem nú stendur til að staðfesta á Alþingi. Eðlilegra hefði verið að nota tekjur þessar til þess að tryggja lífsnauðsynlega þjónustu við aldraða og öryrkja en að fella gjaldið niður. Auk þess verður útgáfa bráðabirgðalaga í þessu skyni að teljast á ystu brún þess sem eðlilegt má telja þar sem engar sannanir liggja fyrir um að brýn nauðsyn hafi verið að fella niður gjald þetta.

Nú er ríkisstjórnin önnum kafin við að setja saman frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna óreiðunnar sem skapast hefur í yfirstjórn ríkisfjármála. Er það einkar athyglisvert að meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar skuli sömu dagana knýja mál þetta fram til staðfestingar.

Með tilliti til málsatvika allra telur minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar því rétt að frumvarp þetta um staðfestingu á bráðabirgðalögum um afnám álags á ferðamannagjaldeyri verði fellt.

Guðrún Agnarsdóttir, þingmaður Samtaka um kvennalista, er samþykkt þessu nefndaráli.

Alþingi, 4. apríl 1984.

Kjartan Jóhannsson  
fundaskr.

Svavar Gestsson,  
frsm.